

braut með lóð, Dalshúsi með lóð og uppfyllingu, íbúðarhúsinu í Framkaupstað og Framkaupstaðartúni, Sjávarlóð Kristjáns Jónssonar í Skuld, Blómsturvöllum með lóð, Neðri-Uppsölum með lóð, Guðnahúsi með lóð, Brautarholti með lóð, Skuld með lóð, Skaftafelli með lóð, Bröttuhlíð með lóð, smíðaverkstæði Gunnars Auðbergssonar með lóð, smíðaverkstæði Sveins Auðbergssonar með lóð, Sólborg með lóð, Steinsstöðum 1 með lóð, Reykholti 2 með lóð, Hlíð með lóð, Fögruhlíð með lóð, íbúðarhúsinu Ós með lóð, Haukabergi með lóð, verksmiðjuhúsi Pípugerðar Eskifjarðar með lóð, geymsluhúsi Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. við hafnarsvæðið með lóð, sildarverksmiðju Hraðfrystihúss Eskifjarðar við nýju höfnina með lóð og öllum mannvirkjum tilheyrandi verksmiðjunni og lóð Sigurþórs Jónssonar við hafnarsvæðið innan Bleiksár.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veðifélag Mýrarkvíslar.

1. gr.

Félagið heitir Veðifélag Mýrarkvíslar. Heimili þess og varnarþing er Félagshimilið Hveravöllum, Suður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Mýrarkvísl, Reykjakvísl, Langa vatni, Geitafellsá, Kringlugerðisá og Kringluvatni, en þær eru: Laxamýri I og II, Skörð, Skarðaborg, Einarstaðir, Skógar I, II, III, Skógahlíð, Heiðarbót, Þverá, Víðiholt, Stóru-Reykir, Reykjavellir, Reykjarhóll, Rein, Litlu-Reykir, Grundir, Hveravellir, Laufahlíð, Bláhvammur, Klambrasel I og III, Brúnahlíð, Langavatn, Geitafell, Kasthvammur, Árhvammur, Presthvammur, Klömbur, Brekka, Yzti-Hvammur, Lækjarhvammur, Nes, Laxárnes, Árnes og Árbót.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður og fjórir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn og skiptir stjórnin með sér verkum. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár, og hinir eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn

og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið. Tveir menn búsettir neðan Þverárfossa skulu skipa sæti í stjórn félagsins.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marz- eða aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkv. lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. febrúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um bann við veiði smásíldar, nr. 7 22. febrúar 1966.

1. gr.

Í stað orðanna: „23 cm“ í 1., 2., 3. og 5. gr. reglugerðarinnar komi orðin: 25 cm.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1968 er óheimilt að veiða meira en 50 þúsund smálestir síldar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu, sem hugsast dregin í réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni suður um og vestur fyrir að línu, sem hugsast dregin í réttvísandi norðvestur frá Rit. Á tímabilinu frá 1. marz til 15. ágúst 1968 eru síldveiðar þó bannaðar á þessu svæði.